

talsmanni áfrýjanda 10 kr. í málfutningslaun af almannafje. En treysti stefndi sjer ekki til að vinna eiðinn, ber honum að greiða málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal 10 kr. til hins skipaða talsmanns áfrýjanda. Að því leyti málið hefir verið sótt með gjafsókn vottast, að flutningur þess hefir verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda lögreglurjettardómi skal óraskað. Vinni hinn stefndi, Jónas Pálsson, synjunareiðinn, fellur málskostnaður niður og hinum skipaða talsmanni áfrýjanda, málaflutningsmanni Eggerti Briem, greiðast 10 kr. í málfutningslaun af almannafje, ella ber stefnda að greiða hann, eins og málið ekki væri sótt með gjafsókn, og þar á meðal 10 kr. sem málfutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. marzmánaðar.

Nr. 37/1895.

Páll Ólafsson
gegn

Valtý Valtýssyni.

D ó m u r:

Vorið 1893 26. maímánaðar fór fram úttekt á þjóðjörðinni Nesi í Loðmundarfirði úr höndum stefnda til Sveins nokkurs Bjarnasonar, sem við-

takanda, og keypti viðtakandi jarðarinnar af stefnda hús, er hann átti eptir á jörðinni og sem virt voru á 164 kr., og auk þess mátu úttektarmenn að viðtakandi skyldi greiða stefnda 20 kr. fyrir voryrkju á túni og sáðgarði, er hann hafði leyst af hendi áður hann fór af jörðinni. Af þessum samtals 184 kr. voru stefnda greiddar 80 kr. sumarið eptir úttektina, en hitt gat hann eigi fengið borgað góðviljuglega, og með því að hann áleit, að áfrýjandinn Páll Ólafsson, er sem hlutaðeigandi þjóðjarðumboðsmaður var viðstaddur úttektina, hefði lofað að sjá um borgun á nefndri skuld, en hann færðist undan að greiða skuldina að svo stöddu, þá höfðaði stefndi þetta mál gegn áfrýjandanum fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu til að fá hann dæmdan til að greiða sjer skuldina, og var dómur kveðinn upp í því máli 25. febr. f. á. með þeim úrslitum, að áfrýjandinn skyldi greiða stefnda það, er eptir stóð af húsaverðinu 84 kr. (en ekki 20 krónurnar fyrir voryrkjuna) með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað. Svo var og áfrýjandi dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs fyrir ósæmilegan rithátt og óvirðingu fyrir rjettinum og stefndi dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs fyrir ósæmilegan rithátt.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfir dómsins með stefnu, útgefinni 19. ág. f. á., og krafizt þess, að dómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu ex officio vísað frá undirrjettinum, en *til vara* að dómurinn verði úr gildi felldur og áfrýjandinn sýknaður af öllum kærum og kröfum

stefnda, að hin ídæmda sekt fyrir ósæmilegan rit hátt verði burtu felld eða færð niður, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir undir- og yfirdómi með 100 kr.

Hinn stefndi hefir krafizt þess aptur á móti, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum allan málskostnað með nægilegri upphæð eptir mati rjettarins.

Ómerkingarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að eigi hafi verið reynd á löglegan hátt sáttaumleitun í málinu, því að á sáttafundinum hafi mætt að eins 1. sáttamaður, en 2. sáttamaður eigi komið á fundinn, og verið þó óforfallaður, en eigi fengið að vita um fundinn; auk þess sje alkunnugt, að 1. sáttamaður sje óvinur áfrýjandans. Um þetta síðasta atriði, óvináttu 1. sáttamanns og áfrýjanda, er ekkert fram komið í málinu, en því er neitað af stefnda hálfu, að slík óvinátta eigi eða hafi átt sjer stað, og verður því eigi byggt neitt á þessari sögusögn áfrýjanda. Hitt, að að eins annar af sáttamönnum var fyrir á fundinum, þótt forföll eigi bönnuðu báðum að mæta, er að vísu yfirsjón þess sáttamannsins, sem það var að kenna, en af því leiðir eigi að sáttaumleitunin hafi orðið ólögleg fyrir það, sbr. tilsk. 20. jan. 1797, 35. gr. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi til greina tekin.

Áfrýjandinn hefir haldið því fram, hvað efni málsins snertir, að hann hafi við úttektina 26. maí 1893 að eins lofað stefnda að ábyrgjast skuld viðtakanda til hans fyrir húsin, 164 kr., sem almennur

ábyrgðarmaður, en ekki sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, og yrði því stefndi að sanna það, áður en hann gengi að sjer um borgun, að viðtakandi hafi eigi getað borgað skuldina. Í vitnaleiðslu, er fram fór meðan á málinu stóð, er það þó svarið af báðum þeim mönnum, er úttektina gjörðu, að áfrýjandi hafi tekið að sjer að borga stefnda umrædda húskaupaskuld, og hafa þeir um það atriði, hvernig málsþórtum fórust orð við þetta tækifæri, skýrt svo frá, annar þeirra, að áfrýjandi hafi sagt við stefnda, að hann ætti við sig um borgunina fyrir húsin, en hinn, að hann myndi að vísu ekki orðin greinilega, en þau hafi fallið á þá leið, að stefndi ætti við áfrýjanda um borgunina. Með þessu er færð full sönnun fyrir því að áfrýjandi hefir tekið að sjer að greiða umrædda skuld Sveins Bjarnasonar, 164 kr., til stefnda sem sína eigin skuld, og þar sem eptir standa ógreiddar af þessari skuld 84 kr., þá verður að fallast á, að undirdómarinn hefir dæmt áfrýjanda til að greiða stefnda þessa upphæð. Yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, en að því er sektarákvæðið fyrir ósæmilegan rithátt snertir, þykir sektin hæfilega ákveðin fyrir hvorn málsaðila 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til hlutaðeigandi fátækra sjóðs, og ber því að staðfesta aukarjettardóminn með þessari breytingu.

Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi stefnda með 20 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að ídæmd sekt fyrir ósæmilegan rithátt sje fyrir hvorn málsaðila, sækjanda og stefnda, 5 kr. til landssjóðs og 5 kr. til fátækra sjóðs Seyðisfjardarkaupstaðar. Áfrýjandinn, Páll Ólafsson, greiði stefnda Valtý Valtýssyni í málskostnað fyrir yfir dómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Nr. 38/1895.

Ólafur Þórðarson
gegn
Jóhanni Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með byggingarbrjefi, útgefnu 10. maímán. 1862, byggði Filippus heitinn Þorsteinsson á Bjólu áfrýjandanum Ólafi bónda Þórðarsyni í Efri-Sumarliðabæ í Holtum í Rangárvallasýslu þessa ábýl-
isjörð hans en eignarjörð Filippusar, og var meðal annars svo til orða tekið í byggingarbrjefinu: »En færi svo að jeg eða mínir, eða þeir, er kynnu að vera aðnjótandi tjeðrar jarðar (☉: Efri-Sumarliðabæjar), þurfi hennar nauðsynlega með til ábúðar, skal hann (☉: áfrýjandi) skyldur að vikja frá henni án frekari fyrirhafnar« o. s. frv. Sat áfrýjandi í þessari byggingu í yfir 30 ár, en þá ljet núverandi eigandi jarðarinnar, hinn stefndi,